

Lóð Olíudreifingar samantekt um málsmeðferð

Málsaðili : Reykjagarður hf.
Tengiliður :
Dagsetning : 17.02.2014
Númer : 1707007
Flokkur : 09.32 Lóðir

Efni : **45. fundur hreppsnefndar 31.1.2002:**

17. Félagsmálaráðuneytið ? stjórnslukæra Olíudreifingar ehf.

Bréf dags. 28/1'02 frá Félagsmálaráðuneytinu þar sem segir að borist hafi erindi frá Olíudreifingu ehf. með kvörtun yfir óeðlilega hári lóðarleigu fyrir aðstöðu þeirra á Hellu.

Vísað til sveitarstjóra og oddvita til meðferðar.

Samþykkt samhljóða.

57. fundur hreppsnefndar 6.5.2010:

2.3. Deiliskipulag fyrir olíubirgðastöð.

Með hliðsjón af því að ekki er til staðfest deiliskipulag fyrir olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Hellu, er sveitarstjóra falið að kanna málið í samvinnu við félagið.

Samþykkt samhljóða

7. fundur skipulagsnefndar 6.2.2008:

036 2008 Deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Dynskála á Hellu, Rangárþingi ytra.

Um er að ræða deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Dynskála á Hellu, austan við þéttbýlið. Svæðið er auðkennt sem I2 og I5 í tillögu að breyttu aðalskipulagi Rangárþings ytra á Hellu 2002-2014 (staðfest 4. júlí 2003), sem er í breytingarferli.

Iðnaðarsvæðið afmarkast af Suðurlandsvegi að sunnan, fyrirhuguðu íbúðarsvæði á Öldum að norðan og gámvelli og íbúðarbyggð í Sigöldu að vestan. Stærð skipulagssvæðisins er tæpir 7 hektarar. Aðkoma að iðnaðarsvæðinu verður um nýja veltengingu frá Suðurlandsvegi sem kemur til með að tengjast Dynskálum austan núverandi íbúðarbyggðar.

Iðnaðarlóðir

Gert er ráð fyrir 10 iðnaðarlóðum á svæðinu, en tvær þeirra eru þegar byggðar; lóð Sláturhúss Reykjagarðs (nr. 42-46) og lóð Olíudreifingar (nr. 45), en gert er ráð fyrir

að starfsemi hennar flytjist annað. Nýjar lóðir eru á stærðarbilinu 0.3 - 0.4 ha að stærð. Kvöð fylgir lóð nr. 53 varðandi byggingar meðan flugvöllur er starfræktur í óbreyttri mynd.

Samþykkt.

Á 9. fundi skipulagsnefndar 14.4.2008 var lögð fram athugasemd frá Olúdreifingu og bókað:

Athugasemdir hafa borist frá eftirfarandi:

Frá Grétari Mar Steinarssyni forstöðumanni dreifingarsviðs Olúdreifingar ehf.

Hann gerir athugasemd við texta í auglýsingu þar sem segir ?en gert er ráð fyrir að starfsemi hennar flytjist annað?, og fer fram á að hann verði felldur út.

Skipulagsnefnd hafnar því að fella umræddan texta út úr greinargerð deiliskipulags. Tekið er fullt tillit til nógildandi leigusamnings.

Að öðru leyti telst tillagan samþykkt.